

## Fundargerð

### 2. fundar Hafnarnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í Hafnarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, miðvikudaginn 05. desember 2018 kl. 09:00. Fundinn sátu Eiður Ragnarsson, formaður Sigurjón Stefánsson og Ævar Orri Eðvaldsson. Einnig sat fundinn Gauti Jóhannesson sveitar- og hafnarstjóri og Stefán Guðmundsson hafnarvörður. Elís Grétarsson framkvæmdarstjóri Búlandstinds sat fundinn undir lið 1

Formaður ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Umsvif og samstarf fyrirtækja við Djúpavogshöfn.
2. Minnisblað um stöðu landtenginga við hafnir á Íslandi
3. Ályktun 41. Hafnarsambandsings um öryggi við hafnir
4. Hugmyndir Fiskeldis Austfjarða um mögulega staðsetningu Sænes í Djúpavogshöfn til bráðabirgða.
5. Yfirfarin Gjaldskrá Djúpavogshafnar.
6. Endurbætur á flotbryggjum
7. Stýfingar á trébryggju.

---

1. Umsvif og samstarf fyrirtækja við Djúpavogshöfn.

Farið yfir samstarf fyrirtækja við Djúpavogshöfn, nýting á hanfnarköntum og annað því tengt.

2. Minnisblað um stöðu landtenginga við hafnir á Íslandi.

Ræddar mögulegar landtengingar fyrir skip í Djúpavogshöfn, ljóst þykir að landtengingarnar eru orðnar gamlar og úreltar og skoða þarf möguleika á því að stækka landtengingar til að þær nýtist t.d. brunnbátum sem landa laxi inn í Búlandstind. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

3. Ályktun 41. Hafnarsambandsings um öryggi við hafnir.

Lagt fram til kynningar.

4. Hugmyndir Fiskeldis Austfjarða um mögulega staðsetningu Sænes í Djúpavogshöfn.

Kynntar hugmyndir að staðsetningu Sænes í Djúpavogshöfn, til að losa viðlegukannt. Hafnarnefnd leggur áherslu á að Sænesinu verði fundin annar varanlegur staður, þar sem að það er ekki í notkun og viðlegupláss við Djúpavogshöfn eru af skornum skammti.

5. Yfirfarin gjaldskrá Djúpavogshafna.

Hafnarnefnd samþykkir yfirfarna gjaldskrá.

6. Endurbætur á flotbryggjum í Djúpavogshöfn (fingur)

Lagt fram tilboð frá Króla ehf í fingur við smábátabryggjur.

Hafnarnefnd samþykkir að gera ráð fyrir kaupum á 5 fingrum í fjárhagsáætlun.

**7. Stýfingar á trébryggju.**

Fyrir liggur að bæta þarf við stýfingum á trébryggju. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrir lok árs 2018

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:30

Eiður Ragnarsson fundarritari.

Stýfingar  
Sýngur  
Heiður Ragnarsson